

Ársskýrsla fyrir barna- og unglíngastarf Grafarvogskirkju

2019-2020

Barna- og unglíngastarf haustönn 2019

Barna- og unglíngastarf sem í boði var á haustönn var: 6-9 ára starf í kirkjunni (þriðjudaga kl. 17:15-18:15), 7-11 ára starf í Kirkjuselinu (fimmtudaga kl. 16:00-17:00), 10-12 ára starf í kirkjunni (þriðjudaga kl.15-16), æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8-10.bekk (þriðjudaga 20:00-21:30), sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00 í Grafarvogskirkju.

Starfið var mjög vel sótt um haustið en ávallt voru á bilinu 15-30 börn í hverju starfi fyrir sig vikulega.

Barna- og unglíngastarf vorönn 2012

Barna- og unglíngastarf sem í boði var á vorönn var: 6-9 ára starf í kirkjunni (þriðjudaga kl. 17:15-18:15), 7-11 ára starf í Kirkjuselinu (fimmtudaga kl. 16:00-17:00), 10-12 ára starf í kirkjunni (þriðjudaga kl.15-16), æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8-10.bekk (þriðjudaga 20:00-21:30), sunnudagaskóli alla sunnudaga kl. 11:00 í Grafarvogskirkju.

Barnastarfið var mjög vel sótt um haustið en ávallt voru á bilinu 15-30 börn í hverju starfi fyrir sig vikulega. Hins vegar var mætingin í æskulýðsfélagið ekki jafn góð og því var ákveðið að síðasti fundur æskulýðsfélagsins yrði í lok febrúar.

Ævintýranámskeið sumarið 2019

Sumarið 2019 voru haldin 4 ævintýranámskeið, þrjú í júní og eitt í ágúst. Það var fullt á öll námskeiðin og biðlistar á þau öll. Stjórnendur á námskeiðinu voru Þóra Björg Sigurðardóttir og Ásta Jóhanna Harðardóttir. Aðstoðarleiðtogar voru Ása Kolbrún Sigurvinsdóttir, Elísa Rós Tani, Guðný Lára Bjarnadóttir, Guðrún María Bjarnadóttir, Helga Valborg Guðmundsdóttir og Hulda Berglind Tamara Apolinario.

Námskeiðin voru mjög vel heppnuð og við vorum með einstaklega sterkan hóp af leiðtogum þetta sumarið.

Hvernig var dagskráin?

Margt var í boði fyrir hvern aldurshóp fyrir sig. Svo eitthvað sé nefnt var diskó-fundur, náttfatapartý, brjóstsykursgerð, hæfileikasýning, capture the flag, rugldagur, fáránleikar, orrusta og grímuball í boði fyrir yngri börnin. Fyrir eldri krakkana og unglíngana var pizzuratleikur, survivor, kökukeppni, skottaleikur, capture the flag, orrusta, mission impossible, ratleikur í myrkri og spilakvöld svo eitthvað sé nefnt.

Hvert var farið?

Farið var í 2 ferðalög. Æskulýðsfélagið fór á landsmót ÆSKP í október 2019 með 2 þátttakendur. Í mars 2020 fóru 15 börn úr barnastarfinu í ferð í Vatnaskóg á vegum Grafarvogskirkju. Ekkert varð úr öðrum ferðalögum vegna covid-19 um vorið.

Leiðtogar 2019-2020

Þóra Björg Sigurðardóttir var æskulýðsfulltrúi út mars 2020. Þá lét hún af störfum og fór á önnur mið. Hún þakkar kærlega fyrir allt það góða samstarf sem hún hefur átt við sóknarnefnd, starfsfólk og söfnuð Grafarvogskirkju undanfarin 8 ár.

Leiðtogar í 6-9 ára starfi: Þóra Björg Sigurðardóttir og Ásta Jóhanna Harðardóttir.

Leiðtogar í 7-11 ára starfi: Þóra Björg Sigurðardóttir og Ásta Jóhanna Harðardóttir.

Leiðtogar í 10-12 ára starfi (TTT): Þóra Björg Sigurðardóttir og Ásta Jóhanna Harðardóttir.

Leiðtogar í æskulýðsfélaginu: Bjarki Geirdal Guðfinnsson, Davíð Guðmundsson og Sóley Adda.

Umsjón með sunnudagaskóla í Grafarvogskirkju: Þóra Björg Sigurðardóttir og Hólmfríður Frostadóttir.

Hvað er framundan?

Uppbókað var á 4 námskeið sumarsins og því ákveðið að bæta við einu námskeiði í viðbót í ágúst. Ásta Jóhanna Harðardóttir tekur við af Þóru sem æskulýðsfulltrúi. Hún er guðfræðinemi og hefur starfað í Grafarvogskirkju undanfarin 6 ár. Framtíðin er björt 😊